


Hörður Ágústsson fyrir framan eina af myndum sínum.

Hörður Ágústsson

Sýning á verkum úr myndasmiðju á Kjarvalsstöðum 1.—12. október

JG-RVK. Hörður Ágústsson, listmálari opnar myndlistarsýningu, er hann nefnir **Úr lit — og formsmiðju 1953-1976**, og mun hér vera um að ræða úrvinnslu á tilraunum listamannsins á sjónskyni mannsins.

Á blaðamannafundi, sem listamaðurinn hélt, hafði hann m.a. þetta að segja:


— Þessar myndir eru limdar á harðplast (hvitt), og það sem notað er við myndgerðina eru bókbandsvörur, marglitir borðar, eða límbönd og ég hef komizt að raun um, að þetta eru sterk efni, þola meira að segja terpentinuþvott.

— Þetta eru tilraunir með frumform, eins og línu, ferninga, þrihyrninga og hringi, sem er grundvöllur allrar myndsköpunar. Ég hef áður haldið svipaða sýningu i Galleri Súm árið 1972, en þær voru svart-hvítar. Nú hefur liturinn bætzt við.

— Að bæta litnum við skoðun á formum leiðir ýmislegt merkilegt i ljós, sagði listamaðurinn. Ef maður hefur t.d. einn fersentimetra af rauðu og ber saman við 10 fersentimetra af sama lit, kemst maður að raun um, að þetta er ekki „sami" litur. Magnið hefur allt að segja. Ef maður svo stillir þessum rauða lit upp með öðrum litum, t.d. bláum, þá breytist rauði liturinn i hlutfalli við þann bláa, eða magn hins síðarnefnda.

— Má segja, að þessi sýning sé eins konar niðurstaða af áralöngu starfi minu við rannsóknir á formi og lit.

— Við myndgerðina er notaður veggfóðrarahnifur og ýms áhöld önnur, svo sem vinklar og fl.



Efniviðurinn er „bókbandsvara" límbönd, marglit og níðsterk.

Notar áhöld föður sins

— Ég hef notað áhöld föður mins við þetta. Unnið er svo út frá mælingum. Mér er ekki kunnugt um, að þetta efni hafi áður verið notað til myndgerðar, en auðvitað hafa menn gert klippimyndir löngu áður — og notað margvislegustu lim og efni.

Þetta var i stuttu máli það helzta, sem Hörður Ágústsson hafði að segja um sjálfa myndgerðina.

Hörður Ágústsson listmálari er löngu þjóðkunnur maður fyrir myndlistarstörf og fyrir rannsóknir sínar á húsagerð. Hann er fæddur árið 1922 i Hafnarfirði. Varð stúdent frá Menntaskólanum i Reykjavik árið 1941 og hóf um likt leyti myndlistarnám i Handíða- og myndlistarskólanum og síðar i Kaupmannahöfn og Paris. Hann vakti mjög snemma athygli sem myndlistarmaður. Hörður var búsettur i Paris 1947-1952, en hefur siðan starfað hér heima. Hann var um skeið skólastjóri Myndlistar- og handíðaskólans og um langt skeið hefur hann notið styrks til rannsókna á byggingalist fyrri alda.

Hörður Ágústsson hefur haldið fjölda sýninga, en fyrst sýndi hann i Paris árið 1949 og síðar á sama ári á Reykjavíkursýningunni i Listamannaskálanum. Síðasta einkasýning Harðar Ágústssonar var i Norræna húsinu i fyrra.



Bridgesamband Íslands:

HELDUR FRAM GAGNI BRIDGE GEGN UNGLINGA-VANDAMÁLUM

Dagana 25. og 26. sept. var þing Bridgesambands Íslands haldið hér i Reykjavik. Fjárhagur sambandsins er mjög erfiður og stendur það starfseminni fyrir þrifum, segir i frétt frá B.S.Í, þótt öll vinna t.d. i sambandi við undirbúning keppnismóta og kynningarstarfsemi sé gefin og verðlaun sömuleiðis. Samþykkt var mjög skorinorð ályktun á þinginu til stjórnvalda um frekari stuðning til B.S.Í. og kemur þar m.a. fram, að draga megi úr unglingavandamálum nútimans með frekari starfsemi hugíþrótta eins og bridge. Því er skorað á stjórnvöld að huga betur að málefnum bridgestarfseminnar og bent er á stuðning þann, sem íþrótta- og félagasambönd fá með beinum fjárstyrk hins opinbera t.d. til byggingar o.fl. og væntir B.S.Í. hliðstæðrar stöðu sér til handa. Á alþjóðavettvangi gætum við náð mun lengra með frekari þátttöku i erlendum keppnismótum og æfingum og tilsögn hér heima. Alls eru nú i B.S.Í. 27 félög viðsvegar að af landinu. Á þinginu var rætt um fjármál sambandsins og skipulagsmál, keppnisreglur og lagabreytingar.

Forseti B.S.Í. var kjörinn Hjalti Eliassson

Aðrir i stjórn voru kjörnir Ríkharður Steinbergsson, Hörður Arnþórsson, Helga Bachman, Alfreð G. Alfreðsson, Tryggvi Gislason, Ragnar Björnsson.

Varamenn i stjórn: Örn Vigfússon, Haraldur Snorrason, Ólafur G. Ólafsson.

Endurskoðendur: Ingi R. Jóhannsson, Sigvaldi Þorsteinsson.

Þingforsetar voru kjörnir Tryggvi Gislason og Friðrik Karlsson. Þingritarar voru kjörnir Matthias Andrésson og Þorsteinn Kristjánsson.

Ferming

Fermingarbörn i Langholtskirkju sunnudaginn 3. okt. kl. 13:30.

Guðbjörg Einarsdóttir, Grýtubakka 4,
Lára Bryndís Björnsdóttir, Hliðarenda, Ölfusi,
Sigriður Birna Thorarensen, Langholtsvegi 94,
Særún Reynisdóttir, Skúlaskeiði 32, Hafn.,
Elfar Rúnarsson, Gladheimum 12,
Jón Þór Einarsson, Grýtubakka 4.
Anna Hansdóttir, Safamýri 56.
Ásta Sveinina Aðalsteinsdóttir, Sólvallagötu 27,
Brynja Dis Björnsdóttir, Brekkusel 25,
Jóna Björg Jónsdóttir, Þórisstöðum Grimsnesi,
Kristin Ásgeirsdóttir, Miðtúni 34,
Vilborg Edda Jóhannsdóttir Þórsgötu 12.
Gunnar Sigurðsson, Rauðarárstig 42,
Hörður Jónsson, Þórisstöðum Grimsnesi.
Pétur Þórir Hugus, Álftamýri 50.

Listasafn Íslands:

Tvær kvikmyndir sýndar í dag

Í Listasafni Íslands verða í dag sýndar tvær kvikmyndir um bandariska málaralist. Önnur heitir „Hinn ameriski draumur" og fjallar um bandariska málaralist i 150 ár, en siðari myndin fjallar um málarann Andrew Wyeth.

Þessar sýningar eru öllum opnar og aðgangur er ókeypis.

BERKLAVARNA-DAGUR

sunnudagur 3. október 1976

Afgreiðslustaðir merkja og blaða í Reykjavík og nágrenni:

SIBS, Suðurgötu 10	sími 22150
Kvisthagi 17	'' 23966
Fálkagata 28	'' 11086
Grettisgata 26	'' 13665
Eskihlíð 10	'' 16125
Hrísateigur 43	'' 32777
Kambsvegur 21	'' 33558
Barðavogur 17	'' 30027
Sólheimar 32	'' 34620
Háaleitisbraut 56	'' 33143
Háagerði 15	'' 34560
Langagerði 94	'' 32568
Skriðustekkur 11	'' 74384
Árbæjarskóli	
Fellaskóli	

Seltjarnarnes:

Skálatún	sími 18087

Kópavogur:

Langabrekka 10	'' 41034
Hrauntunga 11	'' 40958
Vallargerði 29	'' 41095

Hafnarfjörður:

Þúfubarð 11
Reykjavikurvegur 34
Lækjarkinn 14

Merki dagsins kostar 100 krónur og ársritið „Reykjalundur" 200 krónur.

Merkið gildir sem happdrættismiði: Vinningur er litasjónvarpstæki.

Sölubörn komi kl. 10 árdegis. — Há sölulaun.

S.Í.B.S.